ESKIVELLIR 13 HAFNARFIRÐI.

NORÐUR

26/9.16 1501951

Samþykkt þann
03 OCT 2016
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson



ÞAKMYND. MKV. 1:50.

Verklýsing fyrir einangrað steinþak með fargi.

Yfirborð steyptra platna

Yfirborð á steyptum plötum (einnig forsteyptum plötum) skal vera slétt og glattað. Mishæðir á milli platna skulu jafnaðar með múrílögn og allar fúgur fylltar með múr. Sópa skal flötinn vandlega áður en vinna við dúklagningu hefst. Plötur skulu vera pollalausar.

Þakdúkur

Þakdúkur skal vera Sarnafil G 1.6 mm PVC-dúkur frá Síka Sviss.

Þakflötur

Á plötuna skal leggja rakavarnarlag 0.2 mm þolplast, skarað minnst 20 cm. Þá skal leggja tvö lög af Eps þakeinangrun minnst 0.2kw/m². Ofan á plasteinangrunina kemur glerfilt 120 g/m² og síðan þakdúkurinn. Ofan á þakdúkinn skal leggja 10-12 cm. malarlag með steinastærð 40-80 mm. Mölin skal vera núin sjávar- eða ármöl, laus við leir og sand.

Þar sem hellustétt er sýnd á teikningum skal leggja á þakdúkinn polyesterfilt 300 g/m² eða klossa minnst 10mm þykka, hellurnar þar á. Hellur skulu vera 40x40x5 cm. gangstéttar hellur.

Þar sem grasflöt er sýnd á teikningum skal malarlag aðeins vera 5 cm. á þykkt. Þar ofan á skal leggja polyesterfilt 300 g/m2. Á filtið skal leggja 3 lög af torfi, neðri tvö lögin með rótina upp. Efsta lagið skal skera af gömlu túni með lágvöxnum innlendum grastegundum.

Kantar

Kantar skulu vera sléttir og beinir með slípuðu yfirborði. Steypa þarf halla á alla kanta þannig að þeir halli inná flöt. Á útbrún skal setja flasningu 1 mm litað slétt ál ásamt tilheyrandi festingum og skal sjóða þakdúk við. Kantar þurfa að vera minnst 10 cm. upp fyrir fullfrágengið yfirborð.

Niðurföll

Niðurföll eru af gerðinni Sita, eða sambærileg með innsteyptum PVC dúki. Þegar niðurfall hefur verið tengt frárennsli skal þétta úrtak í steypu. Dúkurinn sem fylgir niðurfallinu skal soðinn við þakdúkinn. Rakavörn skal falla þétt að niðurföllum. Umhverfis niðurföll í grasflöt skal koma gatahringur úr plasti (PEH rör frá Reykjalundi) með álhatti. Ofan á niðurföll í hellustétt skal koma álrist.

Vinna

Öll vinna við frágang þakdúksins skal unnin af reyndum iðnaðarmönnum, sem hlotið hafa viðurkenningu framleiðenda hans. Öll samskeyti á dúknum skal sjóða saman með heitu lofti þannig að hann myndi órofa heild yfir allan flötinn og út fyrir kanta.



DEILI 1:10.
FRÁGANGUR ÚTVEGGUR/ ÞAK.

Breytingar:

Efni:	Dags.	Teikn.	Yfirf.:

Eskivellir 13 Hafnarfirði.
Landnúmer: 204197

Séruppdráttur.

Efni:	Þakmynd, grunnmynd/ hlutam.		
Mælikvarði:	1 : 50 / 1 : /10		
Frumstærð blaðs:	A0		
Teiknað:	Sig. Þ.	Verk nr:	00115
Yfirfarið:	Sig. Þ.	Teikn. nr:	S.007.
Dagsetning útgáfu:	30-12-2014	Endursk:	

STH. teiknistofan ehf.
Áritun aðalhönnuðar.
Strandgötu 11.
220 Hafnarfirði.
kt. 510298-2769.
Sími 5651510.
teiknistofan@simnet.is.

26/9/16

Sigurður Þorvarðarson byggingafræðingur bfl. kt. 141250-4189.